

þeim fjárefnum, sem í ríkisfjárlögunum eru lögð til brjefaburðar á Íslandi, komist á hið fyrsta orðið getur, og hafið þjer um leið 1855. 19. októbr. getið þess, að brjefberinn, eptir því sem til hagar í hjeraði, ætti að fara af Akureyri 20. apríl, og að það mætti ekki draga þangað til í maímánuði.

Samkvæmt þessu vildi jeg þjónustusamlega biðja herra amtm. að gjöra svo vel og sjá um, að brjefberi fari framvegis á vori hverju frá Akureyri til Reykjavíkur og norður aptur, og að þessi ráðstöfun komist á, ef verður, vorið 1856, og er yður auk þess falið á hendur að ákveða nákvæmar, nær brjefberinn skuli hefja ferð sína frá Akureyri, og er þess að gæta, að brjefberinn dvelji ekki lengur í Reykjavík, en hann þarf í áður nefndum tilgangi, að fara með brjef til að senda með brjefaskipinu og sækja þau er komin eru með brjefaskipinu, er hjeðan fer 17. apríl¹.

46. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- 13. desemb. mannsins og byskupsins á Íslandi um kennslu á forspjallsvísindum².

Herra stiptamtmaðurinn og þjer, háæruverðugi herra byskup, hafið, með þóknanlegu brjefi 27. september þ. á., sent hingað bóunarbrjef frá H. Árnasyni kennara við prestaskólann í Reykjavík, og getur hann þess þar fyrst, að burtfararprófið í sálarfræði og hugsunarfræði í þessum skóla hafi 2 seinustu árin gengið svo stórilla, að einungis 1 af 6, er tóku prófið, náði einkunninni „vel“, en hinir fengu ekki nema „sæmilega“ og „laklega“, og ætlar hann að tilefni þessa sje það, að það hefur engi áhrif á aðaleinkunnina í burtfararprófinu, hvornig manni gengur í þessum vísindagreinum, og síðan stingur hann upp á því, að annaðhvort verði sálarfræði og hugsunarfræði gjörðar að vísindagreinum til undirbúnings, er hver sá, er á prestaskólann gengur, þarf að

¹) Þetta brjef er s. d. sent í eptirriti til stiptamtmannsins.

²) sbr. brjef kirkju og kennslustjórnarinnar 23. marz 1854.

1855. hafa tekið próf í áður en fær að taka burtfararpróf, eða að tillit
13.desemb. sje haft til einkunna þeirra, er menn fá í sálarfræði og hugs-
unarfræði í prófinu, þegar reikna skal aðaleinkunn í burtfar-
arprófi.

Um leið og jeg nú get þess, að stjórnin er enn á því, viðvíkjandi hinum síðara kostinum, er þar um er sagt í brjefi hennar 23. marz f. á., skýri jeg yður frá til vitundar og frekari aðgjörða, að stjórnin hefur ekkert á móti því, að haldið verði framvegis í prestaskólanum sjerstakt próf í sálarfræði og hugsunarfræði, í lok fyrra kennsluársins, samkvæmt uppástungu forstjóra prestaskólans, er herra stiptamtmaðurinn og þjer háeruverðugi herra hafið fallizt á, þannig að engum verði leyft að taka burtfararpróf úr skólanum, nema hann hafi áður gengið undir þetta sjerstaka próf og hafi að minnsta kosti fengið einkunnina „vel“.

22.desemb. 47. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins um gjald til yfirdómara¹.

Ásamt álitsskjali herra stiptamtmannsins 31. ágúst seinast liðinn hefur stjórnarráðið fengið álit það frá jústizíarius og 2. yfirdómara í hinum íslenzka landsyfírrjetti, er hjeðan var beðið um með brjefi 6. júní næst á undan, um kvörtun þá, er hingað var send frá kammerráði sýslumanni Kr. Magnusen, yfir því að áður nefndir tveir yfirdómarar hafi reiknað sjer 8 rd. 48 sk. fyrir að yfírfara og staðfesta danska útleggingu, eptir 1. yfirdómara í yfírrjettinum, jústitsráð Jónassen, á yfirdómsgjörningum í máli milli Kr. Magnusens og Gísla Jónssonar á Saurum.

Viðvíkjandi þessu vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til vitundar og frekari auglýsingar, sem þörf gjörist, að stjórninni virðist ekki næg heimild í löggjöfinni til að taka gjöld fyrir hinn áður nefnda samanburð og staðfestingu á dómsgjörn-

1) Amtmanninum í vesturamtinu er s. d. skrifað áþekkt brjef um þetta efni.